

Hæstaréttardómur.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVII. árgangur.

I. hefti.

1997

Föstudaginn 3. janúar 1997.

Nr. 460/1996.

Pórarinn Sveinsson

(Jóhannes Björnsson hdl.)

gegn

Vaka hf.

(Bjarni Ásgeirsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Vanreifun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómurarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. desember 1996, þar sem máli varnaraðila á hendur sóknaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar, en til vara, að málskostnaður í héraði handa sóknaraðila úr hendi varnaraðila verði hækkaður í 231.305 krónur. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst aðallega staðfestingar hins kærða úrskurðar, en til vara, verði úrskurðurinn felldur úr gildi, að kveðið verði á um, að aðalmeðferð málsins skuli fara fram að nýju í héraði og varnaraðili fái að koma þar að nýjum gögnum. Að auki krefst varnaraðili aðallega kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila, en til vara, að kærumálskostnaður falli niður.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Þórarinn Sveinsson, greiði varnaraðila, Vaka hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. desember 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. nóvember sl., er höfðað með stefnu, birtri 4. mars 1996.

Stefnandi er Vaki hf., kt. 440174-0519, Melabraut 18, Hafnarfirði.

Stefndi er Þórarinn Sveinsson, kt. 260667-5059, Lyngmóum 1, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda.

1. Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 775.000 krónur í skaðabætur, efndabætur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26/4 1995 til greiðsludags.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Sáttatilaunir dómsins báru eigi árangur.

— — —

Niðurstæða.

Eins og að framan getur, var verðmæti bifreiðarinnar FP-552 metið á 775.000 kr. í tengslum við kaup stefnda á bifreiðinni MB-214. Óumdeilt er í málinu, að hreyfill bifreiðarinnar FP-552 er bilaður, en deilt er um það, hvort sú bilun hafi verið orðin, er stefnanda var afhent bifreiðin í apríl 1995 eða hvort bilunin sé til komin á eignartíma stefnanda, meðan bifreiðin var í sölu á Bílasölu Guðfinns. Um þetta er ekki við annað að miða en yfirlýsingu bifvélavirkjans Jóns Inga og framburð hans fyrir dóminum, sem bendir fremur til þess, að bilunin hafi orðið eftir kaupin.

Í málinu hefur ekki verið aflað mats dómkvaddra matsmanna á umfangi og orsökum bilunar á hreyflinum eða hvað viðgerð á honum muni kosta, hvort bilun hreyfilsins megi rekja til ástands hans, eins og það var, er stefn-

anda var afhent bifreiðin, og hvaða áhrif bilunin hefði haft á verðmæti bifreiðarinnar.

Fram kom hjá bifvélavirkjanum Jóni Inga, að hann hefði verið með viðgerðarkostnað á hreyflinum á bilinu 150-300.000 krónur í huga, er hann lýsti yfir, að hreyfillinn væri ónýtur.

Í máli þessu krefst stefnandi skaðabóta/efndabóta úr hendi stefnda, en hefur ekki uppi riftunarkröfu í málinu. Samkvæmt því krefst stefnandi þess, að bætur til hans geri hann eins settan og samningur hans við stefnda hefði verið efndur að fullu, en fullyrðing hans um, að tjón hans nemi 775.000 krónum, er hins vegar órökstudd og á sér ekki stoð í gögnum.

Þar sem hvorki liggur fyrir mat dómkvaddra matsmanna né önnur fullnægjandi gögn um orsakir eða umfang bilunar á hreyfli FP-552, hvað viðgerð kosti eða hvert ástand hreyfilsins hafi verið við kaup stefnanda á bifreiðinni eða eftir umsamda viðgerð á hreyflinum, er í fyrsta lagi ógerlegt fyrir dóminn að leggja mat á tjón stefnanda vegna bilunar hreyfilsins, og í öðru lagi er af sömu ástæðum ókleift fyrir dóminn að leggja mat á það, hvort bilun hafi verið orðin við kaup stefnanda á bifreiðinni eða hvort rekja megi bilunina til ástands bifreiðarinnar fyrir kaupin eða eftir viðgerð þá, sem stefnanda var lofað á hreyflinum og bifvélavirkinn Jón Ingi annaðist.

Vegna þessara annmarka á málatilbúnaði stefnanda og vanreifunar þykir eigi unnt að leggja efnisdóm á mál þetta eða taka afstöðu til hugsanlegrar bótaábyrgðar stefnda. Ber því að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilegur 50.000 krónur. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Úrskurðinn kveða upp Finnboði H. Alexandersson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Finnboði Eyjólfsson og Jan Jansen bifvélavirkjameistarar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, Vaki hf., greiði stefnda, Þórarni Sveinssyni, 50.000 krónur í málskostnað.